

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2012, mánudaginn 17. desember haldinn 328. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12 og hófst kl. 09:10.

Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Elías Jakob Bjarnason, Gunnar Einarsson, Theódór Kristjánsson, Egill T. Jóhannsson og Jón Haukur Ingvarson. Hörður Þorsteinsson boðaði forföll.

Jafnframt: Bragi Þór Bjarnason fjármálastjóri, Magnús Árnason framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:


1. Rætt um stöðuna í fjöllunum. Fram kom að undirbúningur vegna opnunar Skálafells mun fara að stað í janúar. Opið verður í Skálafelli um helgar frá 1. febrúar. 10 opnunardagar er komnir í Bláfjöll, þar af 3 fyrir almenning. Sala árskorta fer fram í Hinu Húsinu og í Bláfjöllum. Bíuð er að bæta við miðasölubás fyrir dagskortasölu í Bláfjöllum ásamt N1 Lækjargötu í Hafnarfirði. Tilboð í desember á vetrarkortum. Töfrateppið er tilbúið til notkunar, lýsing klár. Frá og með deginum er dag eru rail, box og pallar tilbúin í Bláfjöllum til notkunar.
2. "Gamli Ármansskálinn" brann í lok september og tjón varð allverulegt bæði á húsi og munum. Öryggisdýnur, stangir og sjúkrabörur eyðilögðust. Allt er ótryggt nema stangir. Bygging nýs húss verður skoðuð á vormánuðum.
3. Opnunartími um jóla og áramót. Opið verður 26. - 30 des. og 1. janúar.
4. Lagt fram 9. mánaða rekstaryfirlit ásamt greinargerð.
5. Lögð fram áskorun til sveitarfélaga vegna opnunar Skálafells.
kl. 09:30 kom Ómar Einarsson á fundinn.
6. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 10. des. sl. vegna reksturs skíðasvæðanna 2013 og framtíðaráform um rekstur og stjórn skíðasvæðanna.
7. Fundur verður haldinn með skíðadeildum 20. des. n.k. til að fara yfir stöðumála.
8. Fulltrúi Seltjarnarness með fyrirspurn um hvort að Töfrateppið verði vígt formlega. Framkvæmdastjóra falið að útfæra það.

Fundi slitið kl. 10:00.

Eva Einarsdóttir

Elías Jakob Bjarnason
Theódór Kristjánsson
Egill T. Jóhannsson

Gunnar Einarsson
Jón Haukur Ingvarson





Reykjavíkurborg
Íþróttar- og tómsstundasvið

Til sveitarfélaga með aðild
að stjórn skíðasvæðanna

Reykjavík, 17. desember 2012
201206006

Efni: Upplýsingar til sveitarfélaga

Á fundi Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í dag var lagt fram hjálagt 9. mánaða uppgjör ásamt greinargeið

Virðingarfyllst,

Ómar Einarsson

Ómar Einarsson.



Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

Rekstramiðurstaða tímabilsins var neikvæð um 57,8 mkr, en án afskrifta var tap 14,5 mkr mkr.

Rekstrartekjur námu 192,2 mkr sem er 22,1 mkr hærrí en fjárhagsáætlun eða 13%. Framlög sveitarfélaga námu 106,5 mkr, sem er framlag fyrir alt árið að viðbættu sértöku framlagi upp á 4,2 mkr útaf opnum Skálafells, en í áætlun er gert ráð fyrir tekjufærslu á framlagi tímabilsins janúar-september. Tekjur vegna aðgangseyris og annarra afleiddra þátta voru 8,2 mkr undir áætlun. Veðrið hefur mikil að segja varðandi aðsókn og opnunardaga, það var nægur snjör en veðrattan var að öðru leiti mjög óhagstæð.

Rekstrargjöld námu 250,1 mkr þar af námu afskriftir 43,4 mkr. Launakostnaður nam 98,2 mkr sem er 20,5 mkr yfir áætlun eða 26,5% vegna fjölda opnunardaga og opnunar hjólagarðs í Skálafelli. Í byrjun árs leitaði Skíðadeild KR eftir samstarfi við að hafa Skálafell opíð í vetrur, en í áætlun var gert ráð fyrir að svæðið yrði lokað, seinni hluta febrúar var samþykkt að fara í samstarf við Skíðadeild KR um opnum á svæðinu. Aukinn launakostnaður fylgdi opnuninni þrátt fyrir að Skíðadeildin sei um alla almennum þjónustuvið miðasölu og lyftur. Annar rekstrarkostnaður nam 108,8 mkr sem er 23,4 mkr yfir áætlun eða 27,4%. Kostnaður vegna moksturs á bílastæðum var 6,8 mkr yfir áætlun vegna mikils snjóþunga. Kostnaður við troðara, vélsléða og bíla er 2,1 mkr yfir áætlun vegna aukinna olíufaukur notkunar á tækjum. Á tímabilum bilaði borholan sem sér um að veita vatni í alla skála á svæðinu sem leiddi til þess að kaupa þurfti vatn fyrir rúma 1 mkr á tímabilinu. Það er búið að draga úr viðhaldi eins og hægt er í ljósi afkomunnar.

Heildareignir námu 472,6 mkr þar af fastafjármunir 470,7 mkr. Heildarskuldir námu alls 55,1 mkr, þar af er skuld við borgarsjóð 47,5 mkr, Eigið fó nam 417,5 mkr og hefur lækkad um 37,1 mkr frá áramótum.

Fjárfestingahreyfingar námu 21,6 mkr á tímabilinu. Helstu fjárfestingar voru í endurnýjun á búnaði og aðstöðu í skíðaleiðum, endurnýjun á vélsléðum, uppræðslu og landmótun. Handbært fó nam 0,1 mkr í lok tímabilsins

Annað: Við gerð fjárhagsáætlunar 2012 var óskað eftir aukaframlagi vegna kjarasamningshækkanu upp á 8 mkr. En því var hafnað.

Áætlanir miða við 60 opnunardaga á vetrí. Veturinn 2011-2012 voru opnunardagar 78 ef einungis er talið út apríl. Um mánaðarmótin apríl/maí var lokað fyrir almenning en skíðaeftingar héldu áfram nánast út allan maí.

Veður voru vægast sagt óhagstæð til skíðaiðkunar í febrúar, mars og fram í apríl eða til og með þáskadags. Mjög marga daga var opíð án þess að almenningar léti sjá sig vegna veðurs og suma dagana var opnað en þurft að loka fyrir en áætlad var vegna veðurs. Til að almenningur komi þarf helst að vera búið að vera gott veður, allavega stilt veður í 2-3 daga áður en hann ákveður að láta sjá sig í fjöllunum.

Í lok september brann "gamlir" Ármansskálinn sem staðsettur var inni Kóngsgili. Skálinn var í dag notaður sem geymsluskúr og þjónustuhús þegar mótt áttu sér stað í Bláfjöllum. Þar sátu keppendur inni í hlýjunni og gátu fylgst með mótinu útum gluggann. Það helsta sem geymt var inni skálanum þegar hann brann voru svigstangir í eigu ÍTR og öruggisdýrur sem notaðar eru til að hylja möstur og staura í brekkunum með þann tilgang að koma í veg fyrir eða minnka verulega hættuna á slysum. Einnig voru þarna inni sjúkrabörur og annað. Tjónið af þeim hlutum sem geymdir voru inni skálanum nemur rúmlega 9 mkr. Allt er ótryggt nema keppnisstangirnar því ÍTR keypti þær sjálf fyrir 1-2 árum síðan. Skálinn sjálfur var brunatryggður fyrir tæpar 15 mkr. En ákvörðun um endurbyggingu verður tekin á vormánuðum 2013.

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Skíðasvæðanna fyrir árin 2006-2012:

Kennitölur Skíðasvæðin	2008	2009	2010	2011	2012
Eiginfjárlutfall	82%	95%	92%	90%	88%
Arðsemi eigin fjár	-4,7%	-4,2%	-7,6%	-10,5%	-13,8%
Veltufjárlutfall	0,36	2,18	0,30	0,05	0,03
Skuldsetningaráhlutfall	3%	1%	1%	0%	0%
Uppgreiðslutimi	0,8	0,7	-8,1	-0,7	0,0

Aðferðir fyrir rekstrum:

- Rekstur skíðasvæðanna standur ekki undir sér án afkomu meira fjármagns.